

# Háskólagátt fyrir nemendur með erlent móðurmál



Aðfaranám Háskólans á Bifröst

## **Námskrá Háskólagáttar fyrir nemendur með erlent móðurmál**

Gildir fyrir nemendur sem hefja nám skólaárið 2024-2025

**Heiti námskrár:**

Háskólagátt fyrir nemendur með erlent móðurmál – Aðfarnám Háskólans á Bifröst

**Tengiliður:**

Forstöðumaður Háskólagáttar

**Fjöldi eininga:**

70 f-einingar

**Febrúar 2024**

## Efnisyfirlit / Table of contents

Almennt um námið.....	4
Aðgangsviðmið .....	4
Skipulag náms í Háskólagátt fyrir nemendur sem ekki hafa íslensku sem móðurmál .....	5
Námsframvinda .....	5
Kennsluhættir .....	7
Námsmat.....	7
Tækifæri til frekara náms að loknu námi í Háskólagátt .....	7
Hæfniviðmið.....	8
Þekking.....	8
Leikni .....	8
Hæfni .....	9

## Almennt um námið

Námskrá þessi lýsir innihaldi náms í Háskólagátt Háskólans á Bifröst fyrir nemendur með erlent móðurmál. Námið er skipulagt með hliðsjón af reglum nr. 835/2019 um aðfaranám í háskólum. Námið er 70 f-einingar sem jafngildir fullu námi í eitt ár. Dreifa má náminu á lengri tíma, en þeir sem eru á stigi A í íslensku sem öðru máli við upphaf náms dreifa því að minnsta kosti á tvö skólaár. Gert er ráð fyrir að nemendur taki námskeið í íslensku sem öðru máli samhliða námi í Háskólagátt.

Námskrá Háskólagáttar fylgir aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 og byggir á sömu sex grunnþáttum sem gert er ráð fyrir að fléttist inn í nám á framhaldsskólastigi en þau endurspeglar menntastefnu íslenskra stjórnvalda. Þessir þættir eru: *Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun*.<sup>1</sup> Háskólinn á Bifröst fylgir þessum leiðarljósum í skipulagningu náms í Háskólagátt sem hefur það hlutverk að búa nemendur undir nám á háskólastigi í greinum hug- og félagsvísinda. Háskólagátt veitir alhliða undirbúning fyrir háskólanám. Námsframboð og kennsluáðferðir eru hins vegar mótaðar í ljósi gilda og stefnu Háskólans á Bifröst. Grunnildir háskólans eru: *Samvinna, frumkvæði og ábyrgð*. Allir þessir þættir fléttast inn í námið með mismunandi hætti.

Námi í Háskólagátt er fyrst og fremst ætlað að búa nemendur undir háskólanám eða styrkja þá inn á atvinnumarkaðinn. Nemendur útskrifast með þekkingu, leikni og hæfni á þriðja hæfniprepi íslenska hæfnirammans um menntun.

Lögð er áhersla gagnrýna hugsun og frumkvæði nemenda. Háskólinn á Bifröst vill bjóða upp á samfélag þar sem nemendur geta í senn aflað sér þeirrar grunnmenntunar sem háskólar krefjast og lifað uppbyggilegu og innihaldsríku lífi. Námið í Háskólagátt er kennt í lotubundnu fjarnámi, en nemendur taka þátt í skipulögðum námslotum með reglulegu millibili á námstímanum.

## Aðgangsviðmið

Nám í Háskólagátt er ætlað fullorðnum nemendum. Þeir sem uppfylla eitthvert af eftirfarandi geta sótt um nám í Háskólagátt:

- Hafa lokið námi til starfsréttinda eða öðru námi af hæfniprepi 2 eða hærra
- Hafa lokið Menntastoðum og hafa auk þess a.m.k. 2.-3. ára reynslu á vinnumarkaði
- Hafa lokið a.m.k. 100 einingum í framhaldsskóla (60 einingum í eldra kerfi)

Gögn frá erlendum skólum eru send í mat hjá Enic Naric til að kanna hvort umsækjandi uppfylli aðgangsviðmið. Leggi umsækjandi fram gilt raunfærnimat tekur skólinn mið af því við meðhöndlun umsóknar.

Nám í Háskólagátt er lánshæft hjá Menntasjóði Námsmanna sjá nánar á [www.menntasjodur.is](http://www.menntasjodur.is)

---

<sup>1</sup> *Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti 2011*, bls. 14.

## Skipulag náms í Háskólagátt fyrir nemendur sem ekki hafa íslensku sem móðurmál

Námið er skipulagt með tilliti til þess að búa nemendur undir nám á háskólastigi á íslensku í greinum hug- og félagsvísinda, einnig til þess að veita undirstöðumenntun á framhaldsskólastigi til að styrkja einstaklinga út á vinnumarkaðinn.

Kjarnagreinar námsins eru stærðfræði og enska, en gert er ráð fyrir að nemendur taki námskeið í íslensku sem öðru máli samhliða námi í Háskólagátt. Allir taka stutt námskeið í upplýsingatækni, félagsvísindum og skapandi og ganrýninni hugsun auk þess sem þau taka námskeiðin Leiðin mín í lífinu þar sem áhersla er á námstækni og náms- og starfsval. Nemendur taka auk þess valnámskeið.

Nemendur taka hluta námskeiða á ensku og hluta á íslensku. Þegar þeir hafa náð færni í íslensku sem nemur stigi A2.2 á evrópska tungumálarammanum byrja þeir að taka námskeið í Háskólagátt sem kennd eru á íslensku.

Námskeið kennd á íslensku í Háskólagátt eru með sérstökum stuðning fyrir nemendur með erlent móðurmál. Stuðningurinn felur í sér að nemendur með erlent móðurmál geta fengið sérstaka fundi með kennurum, helstu hugtök námskeiða eru kynnt bæði á ensku og íslensku, kennarar útvega námsefni / ítarefni á ensku og nemendur geta skilað verkefnum á ensku.

Námið er skipulagt þannig að námsgreinar verða kenndar að jafnaði í sex vikna lotum og námsmati í sjöundu viku. Þó eru nokkur námskeið, eðlis þeirra vegna, ýmist kennd í styttri eða lengri lotum. Lotukerfið auðveldar nemendum að einbeita sér að þeim námsgreinum sem þeir taka hverju sinni og álag á nemendur verður jafnara yfir kennslutímabilið. Námið er kennt í lotubundnu fjarnámi þar sem nemendur mæta á eina staðlotu í hverju námskeiði.

## Námsframvinda

Nám í Háskólagátt er 70 f-einingar, sem jafngildir fullu námi í eitt ár. Dreifa má náminu á lengri tíma, en þeir sem eru á stigi A í íslensku sem öðru máli við upphaf náms dreifa því að minnsta kosti á tvö skólaár. Gert er ráð fyrir að nemendur taki námskeið í íslensku sem öðru máli samhliða námi í Háskólagátt. Nemendur taka hluta námskeiða á ensku og hluta á íslensku. Þegar þeir hafa náð færni í íslensku sem nemur stigi A2.2 á evrópska tungumálarammanum byrja þeir að taka námskeið í Háskólagátt sem kennd eru á íslensku.

Skyldunámskeið eru samtals 50 einingar. Nemendur taka samtals að minnsta kosti 15 einingar í ensku, þar af eru 10 einingar skyldunámskeið, en nemendur velja á milli English as Second Language og Academic English. Þeir sem ekki hafa ensku sem móðurmál taka English as Second Language. Nemendur taka 15 einingar í frjálst val. Hér má sjá uppbyggingu náms við Háskólagátt fyrir nemendur með erlent móðurmál sem hefja nám á haustönn 2024. Áfangalýsingar eru í [kennsluskrá](#) á heimasíðu háskólans á Bifröst.

Haustönn		
Forlota (tvær vikur)	Einingar	Hæfniprep
My Path in life (allt misserið)	1	2

Information technology	3	1
<b>Lota 1</b>		
Icelandic culture	5	2
English as second language (bundið val)**	5	2
Stærðfræði: Algebra, rúmfræði, föll og hlutföll*	5	2
Skapandi og gagnrýnin hugsun*	5	3
<b>Lota 2</b>		
Stærðfræði: Föll, veldi, deildarreikningur, lógaritmar, runur og raðir*	5	2
English: Literature, grammar and expression (B2)	5	2
Landið mitt Ísland*(val***)	5	3

<b>Vorönn</b>		
<b>Lota 1</b>	<b>Einingar</b>	<b>Hæfniprep</b>
Leiðin mín í lífinu 2 (allt misserið)*	1	2
Stærðfræði: Föll, markgildi, deilda- og heildareikningur*	5	3
English: Vocabulary and composition (B2)	5	3
Samfélagsspeill*	5	3
<b>Lota 2</b>		
Tölfræði*	5	2
Accounting and Financial Literacy (val*)	5	3
Academic English (bundið val)**	5	3
Stofnun og rekstur fyrirtækja* (val***)	5	3

\* Nemandi þarf að hafa staðist stöðumat fyrir stig A2.2 í íslensku til að taka námskeið kennd á íslensku

\*\* Nemandi tekur að minnsta kosti þrjú námskeið í ensku. Hann tekur annað hvort English as second language eða Academic English. Hann getur tekið fjórða námskeiðið í frjálsum vali

\*\*\* Nemandi tekur 15 einingar í frjálsum vali

Hér er mynd sem sýnir uppröðun námskeiða samhlaiða íslenskunámi hjá þeim sem eru á stigi A1.2 við upphaf náms að hausti og dreifa náminu á tvö ár:

<b>Fyrri ár</b>					
Forlota 2 vikur	Haust Lota 1	Haust lota 2	Vor lota 1	Vor lota 1	Sumar
Information	Íslenska A1.2 5e	Íslenska A2.1 5e	Íslenska A2.1 5e	Íslenska A2.2 5e	Íslenska A2.2 5e
Technology	English as SL 5e	English B2 5e	English B2 5e	Academic English 5e	
	My Path in Life 1 1e			Valfag 5e	
	Icelandic Culture 5e				
<b>Seinna ár</b>					
	Haust Lota 1	Haust lota 2	Vor lota 1	Vor lota 1	Sumar
	Íslenska B1.1 5e	Íslenska B1.1 5e	Íslenska B1.2 5e	Íslenska B1.2 5e	Íslenska B.2.1 5e
	Stærðfræði 1 5e	Stærðfræði 2 5e	Stærðfræði 3 5e	Tölfræði 5e	
	Gagnrýnin hugsun 5e	Valfag 5e	Samfélagsspeill 5e	Valfag 5e	
			Leiðin mín í lífinu 2 1e		

## Kennsluhættir

Háskólinn á Bifröst er í fararbroddi í fjarnámi og kennsluhættir mótast af þeim áherslum. Á námsvef geta nemendur nálgast upptekna fyrirlestra og leiðbeiningar kennara, námsefni og verkefni. Auk þess eru kennslustundir á Teams. Í öllu námi við Háskólann á Bifröst er áhersla lögð á samvinnunám og raunhæf verkefni. Námsmat er byggt á stöðugri verkefnavinnu sem þjálfar nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum. Notast er við vendikennslu en það gefur nemendum aukið svigrúm til að staldra við flókin viðfangsefni. Í námsferlinu er hugað að aðferðum sem byggja á sköpun ekki síður en greiningu og gagnrýni. Hlutverk kennara er að veita leiðsögn og endurgjöf í tengslum við verkefnavinnu. Nemandinn ber þó á endanum sjálfur ábyrgð á því að nýta sér umhverfi skólans sem best til að ná árangri.

## Námsmat

Námsmat í Háskólagátt Háskólans á Bifröst byggir að verulegu leyti á símati. Nemendur vinna verkefni jafnt og þétt yfir önnina og taka þátt í umræðum og þematengdri vinnu. Námskeiðum lýkur ýmist með lokaverkefnum eða prófum sem geta verið skrifleg eða munnleg. Lögð er áhersla á að kennarar veiti nemendum mikla endurgjöf, bæði munnlega og skriflega. Nemendur eiga jafnan að geta fengið skýringar á einkunnagjöf auk þess sem kennarar miða athugasemdir sínar við að nemendur geti nýtt sér þær við að bæta árangur sinn.

Í [Handbók nemenda](#) má finna frekari upplýsingar um skipulag kennslu og námsmat, svo sem reglur um nám og kennslu og um lokapróf.

## Tækifæri til frekara náms að loknu námi í Háskólagátt

Nemandi sem lýkur námi við Háskólagátt með fullnægjandi árangri og hefur náð færni sem jafngildir stigi B1.2 í íslensku sem annað mál uppfyllir aðgangsviðmið í grunnnám allra deilda við Háskólann á Bifröst. Aðrir háskólar setja sín eigin aðgangsviðmið og nemendur sem stefna á nám við aðra háskóla eru hvattir til að kanna vel aðgangsviðmið þess skóla áður en þeir sækja um nám við Háskólagátt.

## Hæfniviðmið

Lokapróf úr Háskólagátt er á þriðja hæfniprepi íslenska hæfnirammans. Það er einnig skipulagt með hliðsjón af reglum nr. 835/2019 um aðfaranám í háskólum. Öll vinna nemenda er metin í stöðluðum námseiningum (f-einingar). Ein námseining (f-einingar) samsvarar 18-24 klukkustunda vinnu meðalnemanda, það er að segja þriggja daga vinnu nemenda ef gert er ráð fyrir sex til átta klukkustunda vinnu að meðaltali á dag eftir eðli viðfangsefna og afkastagetu nemenda. Við útreikning á fjölda f- eininga er tekið tillit til allrar vinnu nemanda sem tengist áfanga.

Við námslok á nemandi að geta sýnt fram á eftirfarandi þekkingu, leikni og hæfni.

## Þekking

Nemandi:

- Hefur aflað sér undirstöðuþekkingar í kjarnagreinum framhaldsskólans sem nýtist í starfi og til undirbúnings fyrir frekara nám.
- Hefur skilning á grunngreinum hug- og félagsvísinda sem skapa nauðsynlega undirstöðu fyrir háskólanám á þeim sviðum.
- Býr yfir nægilega fjölbreyttum orðaforða til að tjá þekkingu sína og skoðanir og færa haldbær rök fyrir þeim.
- Kann að lesa í félagslegt og menningarlegt umhverfi og áttar sig á mismunni menningarsamfélaga
- áttar sig á tengslum skóla og atvinnulífs.
- Skilur hlutverk virks og ábyrgs borgara í þekkingarsamfélagi.
- Þekkir til alþjóðlegs vísinda- og fræðasamfélags og skilur tengsl þess við íslenskt rannsóknarsamfélag.
- Hefur tilfinningu fyrir eðli og framkvæmd lýðræðislegra ákvarðana við ólíkar aðstæður.
- Hefur orðaforða og þekkingu á erlendu tungumáli sem nýtist til frekara náms.

## Leikni

Nemandi:

- Er fær um að tjá sig á skýran, gagnrýninn og skapandi hátt um helstu undirstöður hug- og félagsvísinda.
- Kann að beita viðeigandi tækni og aðferðum sem tengjast námi á sviði hug- og félagsvísinda, stærðfræði þar með talinni.
- Hefur forsendur til að sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum við að leita lausna og afla nýrrar þekkingar.
- Er fær um að taka ábyrgan þátt í samræðum um samfélagsleg málefni.
- Getur fjallað um kjarnagreinar framhaldsskólans og grunngreinar hug- og félagsvísinda af skilningi.



## Hæfni

Nemandi:

- Getur tjáð skoðanir og gert grein fyrir starfsaðferðum sínum á ábyrgan og gagnrýninn hátt.
- Getur tjáð sig og tileinkað sér efni og upplýsingar á erlendu tungumáli hvort sem það er í tengslum við starf eða frekara nám.
- Sýnir ábyrgð í starfi, í sköpun og þegar þekkingu er beitt.
- Getur nýtt þekkingu sína til að greina ný tækifæri í umhverfinu og til að takast á við frekara nám.
- Er fær um að leggja gagnrýnið mat á eigið vinnuframlag.
- Er virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi.
- Getur sett menntun sína í alþjóðlegt samhengi.
- Getur tengt þekkingu sína og leikni við tækni og vísindi.